Kópavogi 17.10.2022

Rökstuðningur vegna verfallslista sjúkraliða á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð.

Á hjúkrunarheimilinu búa 66 einstaklingar auk þess sem það koma hingað 4 einstaklingar í endurhæfingarinnlögnum. Hér eru 3 deildar:

Hvammur þar sem við höfum 2 sjúkraliða í 0.75 % stöðugildi, þá vinnur sá sjúkraliði sem vaktstjóri og stjórnar þá og ber ábyrgð á sinni vakt. Mikilvægt að hafa hana þar, því hennar fagþekking og reynsla er okkur nauðsynlegt.

Lundur þar erum við með 3 í 2.40% stöðugildum sjúkraliða í vaktstjóarstöðu. Einn þeirra starfar mikið á næturnar og sér til að mynda um að taka blóðprufur fyrir húsið.

Álfhóll þar starfa 5 sjúkraliðar í 3.40 % stöðugildum.

Á Álfhól koma 4 einstaklingar í endurhæfingarinnlagnir og sérstaklega þar skipta sjúkraliðar með sinni fagþekkingu gríðarlega miklu máli.

Starf sjúkraliða hér felst í fræðslu og að stýra vöktum ásamt því að tryggja gæði hjúkrunar og umönnunar íbúa heimilisins og hafa góð samskipti við aðstandendur.

Dagdeildin

Á dagdeildinni koma til okkar um 30 manns daglega sem margir hverjir þurfa létta aðstoð og eftirfylgni. Hjá okkur þar starfar einn sjúkraliði í 100 % starfi og er hún jafnframt deildarstjóri þeirrar einingar og heldur vel utan um það allt.

Því fer ég þess á leit við Sjúkraliðafélag Íslands að þessi lágmarsmönnun fái að starfa komi til verkfalls sjúkraliða.

Kv.

Svanlaug Guðnadóttir,

framkvæmdarstjóri hjúkrunar í Sunnuhlíð